

Reykjavík, 11. ágúst 2022

Fjármála- og efnahagsráðherra, hr. Bjarni Benediktsson  
Arnarhvoli við Lindargötu  
101 Reykjavík

**Málefni: Tilkynning um meðferð óbyggðanefndar á landsvæðum á grundvelli 1. másl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Kröfúlýsingarfrestur.**

Óbyggðanefnd sú sem sett hefur verið til að annast málsmeðferð á grundvelli 1. másl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, sbr. 4. gr. laga nr. 34/2020, hefur ákveðið að taka tiltekin landsvæði til meðferðar á grundvelli ákvæðisins. Með bréfi þessu er fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, veittur frestur til 14. nóvember 2022 til að lýsa kröfum um þjóðlendur á umræddum svæðum sem tilgreind eru aftast í bréfinu, sbr. einnig meðfylgjandi minnisblað.

I

Forsaga málsins er sú að 1. júlí 1998 tóku gildi lög nr. 58/1998 og var megintilgangurinn með laga-setningunni að greitt yrði úr óvissu um eignarrétt á landi. Í því skyni var sérstakri stjórnarsýslunefnd, óbyggðanefnd, komið á fót skv. 6. gr. laganna til að kanna og skera úr um hvaða land teldist til þjóðlenda og hver væru mörk þeirra og eignarlanda, auk þess að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur væri sem afréttur og að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna, sbr. 7. gr. laganna. Óbyggðanefnd skipti landinu síðan upp í sautján svæði og hefur á grundvelli laganna kveðið upp úrskurði í 66 málum á fjórtán þeirra svæða sem ná yfir um 91% af meginlandinu.

Með 4. gr. laga nr. 34/2020, sem tóku gildi 19. maí 2020, var bætt við lög nr. 58/1998 ákvæði sem heimilar óbyggðanefnd að taka til meðferðar svæði sem áður hafa sætt meðferð nefndarinnar hafi hún í úrskurði gert athugasemd við kröfugerð ráðherra, sbr. 1. másl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Í athugasemdum við 4. gr. í greinargerð frumvarps sem varð að lögum nr. 34/2020 kemur fram að markmiðið með ákvæðinu sé að stuðla að því að niðurstöður um mörk eignarlanda og þjóðlendna ráðist af efnislegu mati á fyrirliggjandi heimildum og öðrum atriðum sem geta haft áhrif á sönnunarmat, fremur en því að svæði hafi orðið út undan í upphaflegri kröfugerð ríkisins vegna mistaka eða af þeirri ástæðu að þýðingarmikil gögn voru ekki komin fram þegar kröfum var lýst. Heimildin sé bundin svæðum þar sem óbyggðanefnd hafi í úrskurðum gert athugasemdir við kröfur ríkisins, auk almenninga stöðuvatna, en nefndin hafi í nokkrum úrskurðum vakið máls á því að tiltekin svæði sem féllu utan við kröfur ríkisins kynnu einnig að vera utan eignarlanda. Nefndinni hafi þó ekki verið heimilt að rannsaka svæðin nánar vegna þess að ekki voru uppi kröfur frá ríkinu þar að lútandi og því leiki enn vafi á um hvort þau séu háð beinum eignarrétti. Í frumvarpinu eru talin upp sextán slík tilvik í úrskurðum óbyggðanefndar í átta málum fram til þess tíma er frumvarpið var lagt fram.

Í athugasemdum við 4. gr. frumvarpsins kemur enn fremur fram að til að ná því markmiði að skera úr um mörk þjóðlendna og eignarlanda á landinu öllu sé mikilvægt að taka af öll tvímæli um að nefndinni verði heimilt að taka svæði af þessu tagi til meðferðar. Með því sé ekki vegið að eignarréttindum sem njóta verndar skv. 72. gr. stjórnarskrárinnar og 1. gr. 1. samningsviðauka við

mannréttinasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, enda verði eftir sem áður virt þau eignarréttindi sem sannanlega eru til staðar á viðkomandi svæðum. Niðurstaða um hvort svæðin séu í reynd þjóðlendur eða eignarlönd ráðist sem endranær af mati á gögnum sem koma fram, innan marka kröfugerðar. Loks er áréttað að ríkið geti ekki á grundvelli þessarar heimildar afmarkað kröfur sínar þannig að þær nái inn á land sem áður hafi sætt slíkum kröfum, enda væri þá um tvöfalda málsmeðferð að ræða sem vafi væri á að samræmdist 6. gr. mannréttinasáttmála Evrópu.

## II

Með bréfi 1. júlí 2020 var fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, tilkynnt um ákvörðun óbyggðanefndar um að taka til meðferðar sautján tiltekin landsvæði á grundvelli 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, sbr. 4. gr. laga nr. 34/2020. Í bréfinu kom fram að af frumvarpi er varð að lögum nr. 34/2020 yrði ráðið að um tæmandi talningu tilvika í úrskurðum nefndarinnar hefði verið að ræða miðað við fyrrgreint tímamark, þ.e. framlagningu frumvarpsins 1. nóvember 2019. Eftir þann tíma, 21. febrúar 2020, hefði óbyggðanefnd þó kveðið upp úrskurð í máli nr. 1/2019, Suðausturhluti Drangajökuls, sem hefði að geyma sambærilega athugasemd. Taldi nefndin því að heimild 1. másl. 7. mgr. 10. gr. laganna tæki einnig til þess tilviks. Bréfinu fylgdi listi yfir svæðin sautján ásamt minnisblaði með beinum tilvitnunum til viðkomandi athugasemda í úrskurðum óbyggðanefndar til frekari skýringar um legu svæðanna.

Ráðherra var veittur frestur til 15. október 2020 til að lýsa kröfum um þjóðlendur á svæðunum, væri um slíkar kröfur að ræða, en fresturinn var þrívægis framlengdur, síðast til 18. janúar 2021, og kröfur íslenska ríkisins um þjóðlendur á viðkomandi landsvæðum bárust óbyggðanefnd þann dag.

Óbyggðanefnd kynnti kröfur ríkisins í samræmi við 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 og skoraði á þá sem teldu til eignarréttinda á landsvæðum sem féllu innan kröfusvæða ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd í síðasta lagi 21. maí 2021. Með bréfum frá óbyggðanefnd 30. mars 2021 voru aðilar að fyrri málum sem höfðu þá lýst kröfum nálægt viðkomandi svæðum sérstaklega upplýstir um þjóðlendukröfur ríkisins og kröfulýsingarfrest annarra. Að fenginni beiðni var kröfulýsingarfrestur síðar framlengdur til 4. júní 2021.

Hinn 26. maí 2021 barst óbyggðanefnd erindi níu lögmannna, sem tekið höfðu að sér hagsmunagæslu fyrir eigendur jarða, þar sem þess var krafist að óbyggðanefnd og starfsmenn hennar vikju sæti við meðferð málanna vegna vanhæfis á grundvelli 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. stjórnáslulaga nr. 37/1993 og b-liðar 5. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Var krafan m.a. reist á því að óbyggðanefnd hefði haft frumkvæði og aðkomu að undirbúningi þeirrar lagabreytingar sem málsmeðferðin var reist á, sbr. 4. gr. laga nr. 34/2020, og sitjandi aðalmenn í nefndinni hefðu allir setið í málum þar sem gerðar voru athugasemdir sem lágu til grundvallar umræddri málsmeðferð. Þá var þess jafnframt krafist að nefndin frestaði áframhaldandi málsmeðferð þar til ný óbyggðanefnd hefði verið skipuð eða dómstólar hefðu kveðið endanlega á um hæfi nefndarinnar, einstakra nefndarmanna og starfsmanna hennar. Að auki voru í erindinu gerðar athugasemdir við lagalegan grundvöll málsmeðferðarinnar.

Til að tryggja að kröfulýsingarfrestur annarra en íslenska ríkisins rynni ekki út áður en afstaða væri tekin til erindisins framlengdi óbyggðanefnd frestinn þrisvar, síðast til 15. október 2021. Með bréfi 6. október 2021 svaraði nefndin síðan erindinu og tilkynnti að á fundi nefndarinnar 1. sama mánaðar

hefði verið ákveðið að aðalmenn nefndarinnar skyldu víkja sæti við málsmeðferðina vegna vanhæfis á grundvelli 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. stjórnslulaga. Einnig lægi fyrir að einn varamaður væri vanhæfur á grundvelli 3. tölul. sömu málsgreinar, sbr. 2. tölul. hennar. Því væru ekki forsendur til að halda áfram málsmeðferð nema nefndarmenn yrðu settir sérstaklega til að annast málið. Jafnframt væru fyrir hendi vanhæfisástæður sem vörðuðu tiltekna starfsmenn skrifstofu nefndarinnar. Þó gæti skrifstofan að mati nefndarinnar veitt þeirri nefnd sem fengi málið til úrlausnar stoðþjónustu sem nauðsynleg væri til að halda málinu í réttu horfi. Loks var tilkynnt að málsmeðferð væri frestað um óákveðinn tíma þar sem ekki væri unnt að fullmanna nefndina með þeim aðal- og varamönnum sem skipaðir voru til setu í henni. Kröfulýsingarfrestur annarra en íslenska ríkisins væri því framlengdur um óákveðinn tíma.

Með bréfi 11. nóvember 2021 tilkynnti óbyggðanefnd forsætisráðherra um framangreinda niðurstöðu og að þeir tveir varamenn sem teldust ekki vanhæfir hefðu beðist undan því að taka sæti við málsmeðferðina. Því væri nauðsynlegt að setja sérstaka nefnd til að annast málsmeðferðina.

Hinn 10. desember 2021 setti forsætisráðherra síðan, sbr. 6. gr. laga nr. 58/1998, sérstaka óbyggðanefnd til að annast málsmeðferð skv. 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, sbr. 4. gr. laga nr. 34/2020. Á fundi 12. janúar 2022 ákvað nefndin að hverfa frá þeirri málsmeðferð sem áður hafði verið stofnað til og skoða að nýju hvort taka bæri landsvæði til meðferðar á grundvelli ákvæðisins. Til að stuðla að því að þeim sem kynnu að hafa athugasemdir við mögulega töku svæða til meðferðar gæfist kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri birti nefndin tilkynningu í Lögbirtingablaðinu 27. janúar 2022 og dagblöðum 29. sama mánaðar þar sem skorað var á þá sem kynnu að hafa athugasemdir að koma þeim á framfæri í síðasta lagi 18. febrúar 2022. Einnig var þeim sem höfðu gert athugasemdir við fyrri málsmeðferð sent bréf um málið 27. janúar auk þess sem öðrum sem höfðu haft samband við skrifstofu óbyggðanefndar vegna málsmeðferðarinnar var sendur tölvu-póstur til upplýsingar. Einungis var kallað eftir sjónarmiðum um lagalegan grundvöll málsmeðferðarinnar en ekki kröfulýsingum eða öðru varðandi möguleg eignarréttindi.

Á tímabilinu frá 9. febrúar til 7. mars 2022 bárust athugasemdir frá nokkrum lögmönnum. Með bréfi 4. mars 2022 var fjármála- og efnahagsráðherra gerð grein fyrir erindunum og sérstaklega óskað eftir afstöðu til athugasemda og sjónarmiða vegna tiltekinna svæða. Svarbréf frá lögmanni íslenska ríkisins barst 26. mars 2022 og óbyggðanefnd óskaði 4. apríl 2022 að nýju eftir afstöðu íslenska ríkisins til nánar tilgreindra spurninga. Svarbréf íslenska ríkisins barst 20. sama mánaðar. Með tölvubrési 4. maí 2022 sendi óbyggðanefnd lögmönnum sem gert höfðu athugasemdir við málsmeðferðina og/eða sent kröfulýsingu á fyrri stigi málsins bréfastípti nefndarinnar við lögmann ríkisins og gaf þeim færi á að koma að athugasemdum við málsmeðferðina eigi síðar en 18. maí 2022. Á tímabilinu 16.–20. maí 2022 bárust frekari athugasemdir og sjónarmið.

### III

Með lögum nr. 34/2020 var, eins og áður greinir, bætt við lög nr. 58/1998 ákvæði sem heimilar óbyggðanefnd að taka til meðferðar tiltekin svæði í landshlutum þar sem málsmeðferð nefndarinnar er annars lokið ef hún hefur í úrskurði gert athugasemd við kröfugerð ráðherra. Heimildin er bundin við landsvæði sem ekki hafa áður sætt kröfum um þjóðlendur af hálfu ríkisins en kunna að vera undirorpin vafa um eignarréttarlega stöðu samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar um nærliggjandi

svæði. Nánar tiltekið er um að ræða 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 og er sá hluti ákvæðisins sem snýr að umræddum landsvæðum svohljóðandi:

*Nefndinni er heimilt að taka til meðferðar svæði sem áður hafa sætt meðferð hennar ef hún hefur í úrskurði gert athugasemd við kröfugerð ráðherra. [...] Um málsmeðferð fer eftir lögum þessum.*

Eins og tilgreint var hér framar segir m.a. í greinargerð frumvarps sem varð að lögum nr. 34/2020 að markmiðið með ákvæðinu sé að stuðla að því að niðurstöður ráðist af efnislegu mati á fyrir- liggjandi heimildum og öðrum atriðum sem geta haft áhrif á sönnunarmat, fremur en því að svæði hafi orðið út undan í upphaflegri kröfugerð ríkisins vegna mistaka eða vegna þess að þýðingarmikil gögn voru ekki komin fram þegar kröfum var lýst. Í greinargerðinni eru talin upp 16 tilvik um athugasemdir óbyggðanefndar í úrskurðum fram til þess tíma er frumvarpið var lagt fram og ljóst þykir að talningin sé tæmandi miðað við það tímamark, þ.e. 1. nóvember 2019. Eftir þann tíma, 21. febrúar 2020, kvað nefndin upp úrskurð í máli nr. 1/2019 sem hefur að geyma sambærilega athugasemd.

Að mati nefndarinnar er fullnægt skilyrðum 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 til að taka umrædd sautján landsvæði til meðferðar, enda er skýrt af athugasemdum með frumvarpi er varð að lögum nr. 34/2020 að löggjafinn telji enn geta leikið vafa á um hvort landsvæðin séu eignarlönd. Athugasemdir sem nefndinni hafa borist, m.a. um réttmætar væntingar og að þegar hafi verið ráðið til lykta í einstaka tilvikum hvar mörk þjóðlendna og eignarlanda liggja, teljast á hinn bóginn til efnisatriða málsins og verður afstaða tekin til þeirra með úrskurði að lokinni hefðbundinni málsmeðferð skv. III. kafla laga nr. 58/1998.


Með vísan til ákvæða 1. mgr. 10. gr. og 1. mgr. 11. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, og einnig 7. mgr. 10. gr. sömu laga, sbr. 4. gr. laga nr. 34/2020, sem og þess sem að framan er rakið, tilkynnist hér með að ákveðið hefur verið að taka til meðferðar eftirtalin landsvæði, sbr. einnig fylgiskjal með tilvitnunum til viðkomandi athuga- semda til frekari skýringar um legu svæðanna:

1. Svæði við vesturmörk Skriðuklausturs, sbr. athugasemd í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 1/2005.
2. Svæði við vesturmörk Valþjófsstaðar, sbr. athugasemd í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 1/2005.
3. Nyrsta hluta Grímólfsártungu, sbr. athugasemd í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 4/2005.
4. Kverkártungu, sbr. athugasemd í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 4/2005.
5. Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar afréttar Torfufells, Hólsgerðis og Úlfár, sbr. athugasemd í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 2/2008.
6. Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Vaskárdals, sbr. athugasemd í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 3/2008.
7. Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Almennings, sbr. athugasemd í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 3/2008.
8. Svæði við norðurmörk þjóðlendunnar Bakkasels, sbr. athugasemd í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 3/2008.

9. Svæði við norðurmörk Þjóðlendunnar Eyvindarstaðaheiðar, sbr. athugasemd í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 5/2008.
10. Svæði við norðurmörk Þjóðlendunnar Hraunanna, sbr. athugasemd í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 5/2008.
11. Svæði við vesturmörk Þjóðlendunnar Skrapatunguafréttar, sbr. athugasemd í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 1/2013.
12. Svæði við norðurmörk Þjóðlendunnar Skrapatunguafréttar, sbr. athugasemd í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 1/2013.
13. Svæði við norðurmörk Þjóðlendunnar Auðkúluheiðar, sbr. athugasemd í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 2/2013.
14. Svæði milli Kornsár og Kleppukvíslar, sbr. athugasemd í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 2/2013.
15. Svæði við austurmörk Hítardals, sbr. athugasemd í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 1/2014.
16. Svæði við norðausturmörk Svarfhóls, sbr. athugasemd í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 1/2014.
17. Svæði austan og sunnan Drangajökuls, sbr. athugasemd í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 1/2019.

Fjármála- og efnahagsráðherra er hér með veittur **frestur til mánudagsins 14. nóvember 2022** til að lýsa fyrir hönd íslenska ríkisins kröfum um þjóðlendur á framangreindum svæðum, sé um slíkar kröfur að ræða.

Virðingarfyllst,



Kristín Benediktsdóttir

formaður sérstakrar óbyggðanefndar

*Fylgiskjöl:*

- Minnisblað um athugasemdir í úrskurðum óbyggðanefndar, sbr. 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, dags. 10. ágúst 2022.
- Úrskurðarkort vegna úrskurða óbyggðanefndar í málum nr. 1/2005, 4/2005, 2/2008, 3/2008, 5/2008, 1/2013, 2/2013, 1/2014 og 1/2019.

*Afrit:*

- Edda Andradóttir, lögmaður íslenska ríkisins.
- Lögmenn sem sent hafa óbyggðanefnd erindi vegna málsmeðferðarinnar:
  - Friðbjörn Garðarsson lögmaður,
  - Guðmundur Sigurjónsson lögmaður,
  - Hilmar Gunnlaugsson lögmaður,
  - Jón Jónsson lögmaður,
  - Kristinn Bjarnason lögmaður,
  - Ólafur Björnsson lögmaður,
  - Ólafur Rúnar Ólafsson lögmaður.